



Tílefni fundar			Síða
FUNDARGERÐ		Stjórnarfundur FS	
Dags. Fundar	Tími	Staður	Nr. fundar
12.9.2023	15:00 – 17:00	Borgartún	3
Fundarboðandi	Fundarritari		
Gunnlaugur Briem	Þóra Björg Sigurþórsdóttir		
Fundarmenn: Guðný Björg Björnsdóttir, Gunnlaugur Már Briem, Fríða Brá Pálsdóttir, Þóra Björg Sigurþórsdóttir, Kári Árnason og Steinunn S. Ólafardóttir			
Afrit			
Varamenn stjórnar – Kristín Rós Óladóttir, Hjörtur Ragnarsson			

Atriði nr.	Lýsing	Ábyrgð	Dags.
	Dagskrá 1. Fundargerð fyrri fundar 2. Húsnæðismál FS / BHM 3. Arango / Jira – beiðnakerfi 4. World PT day 8.september 5. Kjaramál staða – Ríki /Sí 6. BHM aukaaðalfundur 20.september 7. Fundur formanns með stjórn BHM (KH) 8. Vistun fundargerða – Microsoft TEAMS 9. Fundur með námsbraut 26.9.2023 10. Umsóknir um aðild 11. Skýrsla v. Örorku		
1.	Fundargerð fyrri fundar Á eftir að yfirfara fundargerð frá 16.05.23. Póstur sendur 26.05.23.	ÞBS	
2.	Húsnæðismál FS / BHM – sjá fylgiskjal Framkvæmdastjórn BHM hefur sent erindi til stjórn allra aðildarfélag BHM og óskað eftir afstöðu til þess hvort FS sé tilbúið að skuldbinda sig í leit að leiguhúsnæði með BHM. Kemur þessi beiðni í kjölfar þess að mygla hefur greinst á 4.hæð í rými þar sem VIRK fulltrúar höfðu aðstöðu.	GMB	



	Það er ljóst að þessar niðurstöður kalla á einhversskonar viðbrögð vegna þeirra sem starfa í viðkomandi rýmum. Beðið er frekari niðurstaða úr fleiri mælingum og svæðum. Stjórn telur sig ekki hafa nægilegar upplýsingar til að byggja á til að gefa bindandi umboð til framkvæmdastjórnar að þessu sinni. Formaður fær það verkefni að afla frekari upplýsinga og kanna hug annarra aðildarfélaga sem hefði áhrif á þá þjónustu og aðstöðu sem veitt væri í Borgartúni 6.		
3.	Kynning á beiðna og skipulagskerfum fyrir þjónustuskrifstofu SIGL Arango / Jira - beiðnakerfi Formaður kynnir fyrir stjórn vinnu við að kanna möguleika á rafrænum beiðna og skipulagskerfum sem nýtt væru fyrir þjónustuskrifstofu SIGL: kerfin sem voru kynnt heita “kjaragátt” frá fyrirtækinu Arango og svo “Jira” frá fyrirtækinu Origo. Ekki hefur verið tekin ákvörðun en mun vera skoðað áfram hvort geti bætt þjónustu og utanumhald.	GMB	
4.	World PT day 8. september Alþjóðlegur dagur sjúkráðgjafunar var haldinn 8. september og var gigt þema þessa árs. - Tvær greinar sjúkráðgjafara birtust á visir.is, annars vegar frá Sigrúnu Baldursdóttur og hins vegar frá Kristínu Magnúsdóttur. - Útvarpsumfjöllun var á Bylgjunni þar sem viðtal var tekið við Sigrúnu Baldursdóttur. - Fríða Brá Pálsdóttir og Guðný Björg Björnsdóttir þýddu plaggöt sem fóru víða í dreifingu. Stórt hrós til allra sem að þessu komu. Ákveðið var að Steinunn S. Ólafardóttir myndi búa til aðgerðargrind sem hægt er að styðjast við til undirbúnings fyrir World PT day á Íslandi. Hugmynd kom upp um að fá sjúkráðgjafara til að halda erindi á Teams fyrir félagsmenn í tilefni dagsins þar sem áhersla yrði á þema hvers árs.	SSÓ	
5.	Kjaramál staða - Ríki / Sí - Launþegar: Samningar í gildi til 31.mars og er undirbúningsvinna hafin fyrir komandi kjarasamninga ásamt vinnu við stofnanasamninga. - Sjálfstætt starfandi: Samninganefndir Félags sjúkráðgjafara og Sjúkratrygginga funda nú reglulega og eru virkar samningaviðræður í gangi. Ekki hægt að segja til um niðurstöðu. - Reglugerð um niðurgreiðslu Sí rennur út um mánaðamótin.		
6.	BHM auka aðalfundur 20. september Auka aðalfundur BHM fer fram 20. sept n.k. Eina efni fundarins er að staðfesta kjör varaformanns BHM og mun Gunnlaugur Már Briem formaður félags sjúkráðgjafara taka við þeirri stöðu á fundinum 20.sept fram til næsta aðalfundar.		



Félag sjúkráðgjafara

7.	Fundur formanns með stjórn BHM (KH) Stjórn Félags sjúkráðgjafara stendur til boða að fá fund með formanni BHM sem stjórn samþykkir. Felur stjórn formanni að finna fundartíma.	GMB	
8.	Vistun fundargerða - Microsoft TEAMS Kannað verður með hvaða lausnum best er að vista fundargerðir.	PBS	
9.	Fundur með námsbraut 26.9.2023 Haldinn verður fundur þann 26.09.23 þar sem aðilar úr stjórn Félags sjúkráðgjafara funda með fulltrúum Námsbrautar í sjúkráðgjálfun í Háskóla Íslands.	GMB	
10.	Umsókn um aðild		
11.	Skýrsla v. örorku Kynning var flutt um skýrslu vegna nýgengis 75% örorku og endurhæfingarlífeyris. Unnið verður áfram með þessa skýrslu og hún gefin út á næstu dögum.	GMB	
12.	Önnur mál		